

**7. fundur Hverfisráðsins í Grímsey var haldinn í félagsheimilinu Múla
12. apríl 2011.**

Fundinn sátu Sigurður Ingi Bjarnason formaður og Ragnhildur Hjaltadóttir ásamt Eiríki Birni Björgvinssyni bæjarstjóra og Garðari Ólasyni tengiliði í Grímsey.

1. Umræða um helstu mál í Grímsey.

Sorpirðumál: Þau eru í vinnslu og ráðgert að breyta þar miklu. Fara á í að flokka allt sorp á heimilum og setja í þar til gerða gáma. Stefnt er á þetta í sumar. Fjarlægja á allt sem minnir á sorpbrennslu á þeim stað þar sem allt okkar sorp hefur verið brennt á opnum eldi.

Kvótamál og byggðakvóti: Grímseyingum finnst súrt í brotið að úthlutun byggðakvóta sé ekki meiri hingað en raun ber vitni. Rætt hefur verið við ráðuneytismenn og segja þeir þetta allt vera eftir settum reglum.

Lóð við Múla: Slétta þarf úr moldarhaugum sem eru sunnan við leikvöllinn. Gott væri að fá 2 mörk til fólboltaiðkunar. (Mörkin eru komin).

Girðing ofan byggðarinnar: Sem liggur langsum eftir eyjunni. Samkvæmt reglum eiga dýrahaldarar sjálfir að viðhalda girðingum kringum búfénað, en hér hefur hreppsnefnd séð um viðhaldið frá alda öðli. Bæjarstjóri ætlar að athuga málið.

Rusl kringum húsin í Grímsey: Minna þarf fólk á að laga til utandyra og hreinsa til á eyjunni.

Rarik: Hávaðinn frá rafstöðinni er hvimleiður. Oft hefur það verið rætt við Rarik.

Félagsheimilið Múli og Grímseyjarskóli: Endurnýja þarf útidyrarhurð og einnig þarf að skipta um gler í gluggum skólastofanna. Gólfdukur á salnum er ónýtur.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Sigurður Ingi Bjarnason

Ragnhildur Hjaltadóttir, fundarritari.